

1862.

31. maím.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um lán handa bæjarsjóðnum í Reykjavík.

Með bréfi 9. apríl. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent dómsmálastjórninni bænarskrá frá bæjarstjórninni í Reykjavíkur kaupstað; er þar beðið um, að bænum verði veitt úr ríkissjóði 1600 rdl. lán rentulaust, til þess að bæta og gjöra við hús það, er gefið hefir verið til hins nýja barnaskóla í Reykjavík, en af láni þessu skyldi endurgoldið 5 eða 6 af hundraði á ári, eður, ef lánið geti eigi nú þegar orðið veitt leigulaust, að það þá verði veitt með þeim kjörum, að goldið sé í vöxtu af höfuðstólnum og til endurgjalds láninu 6 af hundraði á ári, þangað til málið yrði borið undir ríkisþingið, og úrskurður þess fenginn um, hvort veita mætti lánið leigulaust.

Í þessu efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það, að að því leyti sem í bænarskránni er farið fram á, að Reykjavíkur bær fái lán úr ríkissjóði, þá verður þetta eigi veitt, en þar á móti leggur stjórnarráðið, eptir því sem ástatt er, samþykki sitt á, að bærinn megi taka lán, svo stórt sem fyrir er getið, þar sem slíkt lán er að fá, uppá þá skilmála, að greiddir séu af því vextir og það aptur borgað á þann hátt, sem að ofan er getið.

31. maím.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um lækkun á afgangi af jörðinni Eystri-Dalbæ.

Í bréfi 10. desemberm. f. á. hafi þér, herra stiptamtmaður, stungið upp á, að ábúandinn á Eystri-Dalbæ, sem er ein af jörðum Kirkjubæjar klausturs, fái linun í landskuldargjaldi af jörð þessari um 3 ár hin næstkomandi, þannig, að afgangur þetta sé lækkað um 10 álnir á ári, skuli 5 álnir þar af reiknaðar eptir meðalverði verðlagsskrár á ull, en 5 álnir á 8 skildinga hver alin; en til þess er talin sú ástæða, að á landi jarðarinn-